



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 25. janúar 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Vilhelm Björn Harðarson sat fundinn undir 4. dagskrárlið um útboð sorphirðu.

Oddviti stjórnaði fundi og starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar bar oddviti upp tillögu um að bætt yrði við dagskrá fundarins, undir liðnum önnur mál, beiðni um umsögn um tækifærisleyfi. Tillagan var samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

### Dagskrá:

#### 1. Rekstraryfirlit janúar-nóvember 2023 og framkvæmdayfirlit 2023.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-nóvember 2023 og framkvæmdayfirlit fyrir 2023 sem starfandi sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

#### 2. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

#### 3. Gjaldskrár 2024 – Félagsleg heimaþjónusta

Tekin fyrir tillaga að gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum tillögu að gjaldskrá.

#### 4. Útboð sorphirðu

Eftir viðræður við lægstbjóðanda, Terra umhverfisþjónusta hf. liggur fyrir tillaga um breytta tíðni hreinsana, fækkun liða í tilboði, s.s. meðhöndlun málma og hjólbarða. Miðað er við að taka upp þriggja tunnu kerfi, með innra hólfi fyrir lífúrgang. Terra umhverfisþjónusta hf. í samstarfi við sveitarfélagið mun halda kynningarfund á flokkunarkerfinu á vormánuðum.



Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að fela starfandi sveitarstjóra að ganga til samninga við Terra umhverfisþjónustu hf.

#### **5. Viðbygging við verknámshús Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra**

Tekið fyrir erindi frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 14. desember 2023, þar sem fram kemur að mennta- og barnamálaráðuneytið hefur óskað eftir því að samtökin taki að sér að samræma sjónarmið sveitarfélaga til samningsdraga vegna stækkunar verknámshúss Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Miðað við þá kostnaðarskiptingu sem tilgreind er í samningsdrögunum mun kostnaður Sveitarfélagsins Skagastrandar við framkvæmdina vera á bilinu 16 millj. kr. til 26 millj. kr. en ríkið ber, skv. 47. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, 60% kostnaðar en sveitarfélögin sem aðilar eru að skólanum 40%.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að taka þátt í viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og felur starfandi sveitarstjóra að undirrita samning þar um. Afstaða til mögulegrar breytingar á fjárhagsáætlun verður tekin þegar upplýsingar um nákvæmari kostnaðaráætlun liggur fyrir sem og áfangaskipting greiðslna.

#### **6. Húsnæðisáætlun**

Lögð fram uppfærð húsnæðisáætlun 2024 fyrir sveitarfélagið Skagaströnd. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum drög að húsnæðisáætlun.

#### **7. Hvatning til sveitarstjórna um mótun málstefnu – tillaga**

Í erindi Innviðaráðuneytisins dagsettu 5. september 2023, er sveitarstjórn hvött til að ýta úr vör vinnu við gerð málstefnu sveitarfélagsins, samanber 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

14. desember s.l. samþykkti sveitarstjórn að fela starfandi sveitarstjóra að vinna tillögu að málstefnu sveitarfélagsins.

Tillaga um málstefnu sveitarfélagsins tekin til umræðu og síðan samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

#### **8. Sundlaugamenning á skrá UNESCO – tillaga**

Í erindi Menningar- og viðskiptaráðuneytisins dagsettu 4. desember 2023, er kallað eftir þátttöku sveitarfélaga í að lýsa fyrir stuðningi við tilnefningu sundlaugarmenningar á skrá UNESCO.



14. desember s.l. samþykkti sveitarstjórn að fela starfandi sveitarstjóra að undirbúa tillögu að yfirlýsingu.

Tillaga að yfirlýsingu tekin til umræðu og síðan samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

#### **9. Vinnuskóli – skipulag**

Tekið til umræðu skipulag vinnuskólans 2024 og minnispunktar verkstjóra skólans frá því í fyrra.

Sveitarstjórn samþykkir að fela starfandi sveitarstjóra að auglýsa eftir flokksstjórum og vinna málið áfram með hlutaðeigandi aðilum. M.a. þarf að ræða við Félags- og skólaþjónustu A-Hún. um aðkomu vegna barna með stuðningsþarfir.

#### **10. Persónuvernd**

Tekið fyrir erindi Persónuverndar dagsett 11. janúar 2024 um ákvarðanir Persónuverndar um notkun nemendakerfa í grunnskólastarfi. Persónuvernd vill vekja athygli allra sveitarfélaga að skoðað sé hvernig persónuupplýsingar grunnskólanemenda séu unnar í nemendakerfi Google og hvort þær séu í samræmi við ákvarðanir um notkun kerfisins sem hafi verið teknar af hálfu sveitarfélagsins eða tiltekins skóla.

Starfandi sveitarstjóri upplýsti að málið hafi verið tekið upp við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins og verður málið unnið áfram í samvinnu við skólastjórnendur Höfðaskóla.

#### **11. Höfðaskóli – aðstaða ritara**

Tekið til umfjöllunar erindi frá skólastjóra Höfðaskóla dagsett 18. desember 2023, um bættu vinnuástandi skólaritara.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að farið verði í tilgreindar endurbætur.

#### **12. Staða dreifnáms og hvaða leiðir eru til styrkingar**

Lagt fram minnisblað frá fræðslustjóra Félags- og skólaþjónustu A-Hún. og sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra um stöðu dreifnáms og tillögur til að skoða framtíðarhorfur dreifnáms.

Sveitarstjórn samþykkir þá tillögu bréfitara að skipaður verði sameiginlegur starfshópur milli sveitarfélaga um málið.

#### **13. Boðun XXXIX. landsþings Sambands ísl. sveitarfélaga**

Lagt fram til kynningar bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. janúar 2024, þar sem boðað er til XXXIX. landsþings sambandsins fimmtudaginn 14. mars nk.



Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Fulltrúi sveitarfélagsins á þinginu verður Halldór G. Ólafsson oddviti sveitarstjórnar. Jafnframt situr starfandi sveitarstjóri þingið.

#### 14. Umsögn um sjávarútvegsstefnu

Lögð fram til formlegrar staðfestingar umsögn sveitarstjórnar frá 8. janúar 2024 um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg.

Sveitarstjórn samþykkir umsögn samhljóða með 5 atkvæðum.

Eftirfarandi bókun tilheyrir umsögn ásamt greinagerð og samantekt byggðakvóta:

„Sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagastrandar mótmælir óljósum hugmyndum varðandi innviðastuðning í stað hins almenna byggðakvóta. Sveitarstjórn telur að áhrif slíks fyrirkomulags myndi hratt leiða til fækkunar lítilla og meðalstórra útgerða sem hafa reitt sig á byggðakvótann allt í kringum landið. Sveitarstjórn telur að umræddir útgerðaraðilar yrðu undir í samkeppni við stærri útgerðir þegar kæmi til uppboðs á þessum aflaheimildunum. Sveitarstjórn telur jafnframt að tekjur af meintum innviðastuðningi, sem yrði háður fjárlögum og útfærslum Byggðastofnunar hverju sinni, myndu fljótt þynnast út og líklega renna til lögbundinna verkefna sveitarfélaga í stað þess að efla atvinnulíf í sjávarbyggðum landsins“.

#### 15. Frestun á afgreiðslu frumvarps um heildarendurskoðun á lagaumgjörð og úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 9. janúar 2024, frá innviðaráðherra, þar sem fjallað er um niðurstöðu dómsmáls Reykjavíkurborgar á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna úthlutunar úr sjóðnum. Með dómnum var ríkinu gert að greiða Reykjavíkurborg tæpa 3,4 milljarða króna, auk vaxta og dráttarvaxta en með þeim gæti fjárhæðin numið um 5,5 milljörðum króna. Til þess að aflétt verði óvissu um starfsemi Jöfnunarsjóðs og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, hefur ríkið áfrýjað dómnum. Á meðan málið er í ferli verður beðið með framlagningu frumvarps um heildarendurskoðun laga um Jöfnunarsjóð.

#### 16. Fundargerðir:

##### 1. Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. - 22. desember 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

##### 2. Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. - 29. desember 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.



**3. Stjórn SSNV nr. 102 frá 9. janúar 2024**

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 102 lögð fram til kynningar.

**4. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 940 – 941**

**fyrir tímabilið 15. desember 2023 til 12. janúar 2024**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 938 til 939

**17. Önnur mál:**

**1. Tækifærisleyfi umsögn**

Tekin fyrir umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra vegna tækifærisleyfis fyrir þorrablot í Fellsborg Skagaströnd 17. febrúar 2024, sem Kvenfélagið Eining ætlar að standa fyrir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu tækifærisleyfis svo framarlega sem nauðsynlegar jákvæðar umsagnir annarra umsagnaraðila liggja fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.13:26

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þór Ólafsson